



Sjúkdómatrygging

Skilmáli nr. L31

Tryggjandi er Líftryggingafélag Íslands, kt. 570990-1449, hér eftir nefnt „Lífís“. Lífís er í eigu VÍS trygginga hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“. Lífís hefur veitt VÍS umboð til að annast alla þá þjónustu við viðskiptavinum Lífís vegna sjúkdómatrygginga samkvæmt skilmála þessum.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. L31.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Sjúkdómatrygging er fjárhagsleg vernd og tryggir þér bætur ef þú greinist með einhvern þeirra sjúkdóma sem tryggingin nær yfir. Enginn býst við því að missa heilsuna vegna alvarlegra veikinda en staðreyndin er því miður sú að allir geta lent í þeim aðstæðum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafir.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skjalið er ávallt aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Tryggingin tekur til eftirtalinnna sjúkdóma, aðgerða og annarra tryggingaratburða samkvæmt ákvæðum skilmálans og skiptast þeir í eftirfarandi bótaflokk (I.-IV.) sem skilgreindir eru í 5. gr. skilmálans:

I. Krabbamein	II. Hjarta- æða- og nýrnasjúkdómar	III. Tauga- og hrörnunarsjúkdómar	IV. Aðrir tryggingaratburðir
Krabbamein	Kransæðastifla/hjartadrep	MS	HIV / AIDS
Beinmergsflutningur	Kransæðahjáveituaðgerð	MND	Líffæraflutningur
	Hjartalokuaðgerð	Alzheimer	Alvarlegur bruni
	Skurðaðgerð á ósæð	Parkinsonveiki	Útlímamissir
	Heilablóðfall/slag	Góðkynja heilaæxli	
	Nýrnabilun	Heyrnarleysi	
	Hjarta eða nýrnaigræðsla	Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar	
		Blinda	
		Alvarlegur höfuðáverki	
		Málstol	
		Lömun	

Hér finnur þú upptalningu á þeim sjúkdómum og aðgerðum sem tryggingin nær yfir en nánar er fjallað um hvað tryggingin bætir í 5. gr. skilmálans.

1. Hver er tryggður?

- 1.1. Tryggður er sá einstaklingur sem nefndur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 1.2. Einnig eru tryggð börn hins tryggða, auk stjúp- og fósturbarna hans sem eiga sama lögheimili og búa á sama stað og hann.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1. Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

3. Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

- 3.1. Tryggingin tekur gildi þegar VÍS hefur mótttekið fullbúna umsókn um sjúkdómatryggingu, að því tilskyldu að heilsa umsækjanda standist áhættumat. VÍS ber ekki ábyrgð á afleiðingum atvika sem þegar höfðu átt sér stað á því tímamarki sem umsókn var send ef þessi atvik hefðu komið í ljóst við athugun VÍS og leitt til þess að umsókn hefði verið hafnað.

Þegar þú kaupir sjúkdómatryggingu fyrir þig ert þú bæði **tryggingartaki** og **tryggður**.

Undir þína tryggingu falla líka **börn þín** frá 3ja mánaða aldri til 18 ára aldurs, sjá 3. gr.



- 3.2. Tryggingin endurnýjast árlega, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs hins tryggða. Hámarksaldur við kaup á nýrri tryggingu er 59 ár.
- 3.3. Tryggingin tekur til barna, stjúp- og fósturbarna hins tryggða frá þriggja mánaða aldri og lýkur þegar barnið er orðið 18 ára.
- 3.4. Bætur eru ekki greiddar nema bótaskyldur sjúkdómur greinist á því tímabili sem tryggingin er í gildi eða annar atburður sem tryggingin tekur til eigi sér stað á því tímabili sem tryggingin er í gildi. Greinist sjúkdómur eftir að trygging hefur fallið úr gildi er VÍS ekki bótaskyld þó að leiða megi líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan tryggingin var í gildi.
- 3.5. Þegar bætur hafa verið greiddar tryggðum fellur tryggingin úr gildi, þó ekki ef bætur hafa verið greiddar vegna barns, stjúp- eða fósturbarns. Þegar bætur hafa verið greiddar vegna barns, stjúp- eða fósturbarns nýtur viðkomandi barn ekki lengur verndar úr tryggingunni.

4. Áframhaldandi trygging eftir greiðslu bóta

- 4.1. Þegar tryggingin fellur úr gildi skv. gr. 3.5 vegna greiðslu bóta, á tryggður rétt á að halda áfram með tryggingu án nýrra heilsufarsupplýsinga, enda sé sannanlega óskað eftir því innan þriggja mánaða frá því að tryggingin var felld úr gildi. Þegar tryggingin tekur aftur gildi, eru ekki greiddar bætur:
 - a) Aftur úr þeim bótaflokk, sbr. 5. gr., sem VÍS hefur þegar greitt bætur úr.
 - b) Vegna sjúkdóms eða annarra atburða sem rekja má beint eða óbeint til atburða sem VÍS hefur þegar greitt bætur vegna.
- 4.2. Tryggður á ekki rétt á hækkun fjárhæðar tryggingar skv. 8. gr. eftir að tryggingin hefur aftur tekið gildi skv. þessari grein.

5. Hvað bætir tryggingin?

Sjúkdómar og aðrir atburðir sem tryggingin tekur til, eru skilgreindir í eftirfarandi fjórum bótaflokkum (I.-IV.), eftir eðli þeirra og tegund:

I. Krabbamein

5.1. Krabbamein

- 5.1.1. VÍS greiðir bætur vegna illkynja æxlis sem einkennist af stjórnlausum vexti, dreifingu illkynja fruma og ífarandi vexti í vefi. Undir þessa skilgreiningu falla einnig hvítblæði, illkynja eitlkrabbamein og myelodysplastic syndrome, nema annað sé tekið fram. Greiningin verður að vera staðfest af krabbameinssérfræðingi og studd með sérstakri vefjagreiningu.
- 5.1.2. VÍS greiðir bætur vegna microscopískt ífarandi brjóstakrabbameins (microinvasive carcinoma of the breast), vefjafræðilega skilgreint sem T1mic, ef ástandið krefst brjóstnáms, lyfja- eða geislameðferðar.
- 5.1.3. VÍS greiðir bætur vegna microscopískt ífarandi leghálskrabbameins vefjafræðilega skilgreint sem IA1 (microinvasive carcinoma of the cervix uteri) ef ástandið krefst legnáms, lyfja- eða geislameðferðar.
- 5.1.4. VÍS greiðir bætur vegna eitilfrumuæxlis í húð ef ástandið krefst lyfja- eða geislameðferðar.
- 5.1.5. VÍS greiðir bætur vegna blöðruhálskirtilskrabbameins ef það er vefjafræðilega skilgreint með Gleason stigum hærra en 6 eða hefur þróast yfir í TNM stigin T2N0M0.
- 5.1.6. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Öll æxli sem eru vefjafræðilega skilgreind sem forstíg illkynja æxlis (pre-malignant), vaxa ekki ífarandi eða setbundið (carcinoma in situ), þar með talið setkrabbamein í mjólkurrás og bleðilkrabbamein í brjósti (ductal and lobular carcinoma in situ of the breast) og innanþekjuæxlisvöxtur í leghálsi (cervical dysplasia CIN-1, CIN-2 og CIN-3).
 - b) Langvinnt eitilfrumuhvítblæði nema það hafi þróast í a.m.k. Binet stig B.
 - c) Grunnfrumkrabbamein í húð, flöguþekjukrabbamein í húð og illkynja sortuæxli stig IA(T1aN0M0) nema það sé ummerki meinvarpa.
 - d) Skjaldkirtilskrabbamein minna en 1 cm að þvermáli og vefjafræðilega skilgreint sem T1N0M0.
 - e) Frumkomið rauðkornablæði (polycythemia rubra vera) og sjálfvakið

Gættu þess að óska tímanlega eftir því ef þú vilt **halda tryggingu áfram í gildi** eftir að hafa fengið greiddar bætur.

Hér finnur þú **ítarlega upptalningu** á þeim tegundum krabbameina sem falla undir trygginguna og hvað er undanskilið.

Nema þú sért heilbrigðismenntaður er ekki ólíklegt að þú þurfir **aðstoð** við að skilja hvort lýsing eigi við tiltekna sjúkdómsgreiningu.



- blóðflagnablæði (essential thrombocythemia).
- f) Monoclonal gammopathy of undetermined significance (MGUS).
- g) MALT eitelfrumuæxli (gastric MALT lymphoma) ef sjúkdómur getur verið meðhöndlaður með upprætingu *Helicobacter pylori*.
- h) Strómaæxli í meltingarvegi (GIST) stigun I og II samkvæmt flokkunarkerfi AJCC (AJCC Cancer Staging Manual, Seventh Edition - 2010).
- i) Krabbamein þegar alnæmisveiran er til staðar (HIV).

5.2. Beinmergsflutningur (bone marrow transplantation)

- 5.2.1. VÍS greiðir bætur vegna beinmergsflutnings þar sem tryggður hefur þegið beinmerg (allogeneic hematopoietic stem cell transplantation preceded by total bone marrow ablation).

II. Hjarta-, æða- og nýrnasjúkdómar

5.3. Kransæðastífla/hjartadrep (myocardial infarction)

- 5.3.1. VÍS greiðir bætur vegna kransæðastíflu. Kransæðastífla er drep í hluta hjartavöðvans vegna blóðþurrðar. Greiningin verður að vera staðfest af hjartasérfræðingi. Í greiningunni felst að kransæðastífla sé staðfest með leiðbeinandi hækkun og/eða lækun á hjartaensímum (trópóníni eða CKMB) og a.m.k. tveimur af eftirfarandi atriðum:
 - a) Einkennum blóðþurrðar (ischaemia) t.d. brjóstverk.
 - b) Nýjum einkennandi breytingum á hjartalínuriti sem benda til blóðþurrðar, t.d. nýjar ST-T breytingar eða nýtt vinstra greinrof (left bundle branch block).
 - c) Þróun óeðlilegra Q takka á hjartalínuriti.
- 5.3.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Brátt kransæðaheilkenni (ACS), þ.e. stöðug eða óstöðug hjartaöng.
 - b) Hækkun trópóníns án kransæðasjúkdóms t.d. hjartavöðvabólga (myocarditis), broddpensluheilkenni (apical ballooning), mar á hjartavöðva (cardiac contusion), lungnablóðrek (pulmonary embolism) og lyfjæitrun.
 - c) Kransæðastífla/hjartadrep af völdum fíkniefnanotkunar.
 - d) Kransæðastífla/hjartadrep sem gerist innan 14 daga eftir hjartaþræðingu eða kransæðahjáveituaðgerð.

5.4. Kransæðahjáveituaðgerð (coronary artery bypass graft surgery)

- 5.4.1. VÍS greiðir bætur vegna hjartaskurðaðgerðar til að lagfæra þrængingar eða lokun á einni eða fleiri kransæðum með notkun græðlinga (bypass grafts). Hjartaskurðaðgerð þar sem bringubein er klofið og minni inngríps aðgerðir (partial sternotomy eða thoracotomy) eru bættar. Sýna þarf fram á nauðsyn aðgerðar út frá niðurstöðum hjartasérfræðinga og studd með kransæðamyndatöku.
- 5.4.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Kransæðavíkkun eða ísetning stoðnets.

5.5. Hjartalokuaðgerð (heart valve surgery)

- 5.5.1. VÍS greiðir bætur vegna skurðaðgerðar sem framkvæmd er til að laga hjartaloku eða koma fyrir gervilokum í stað einnar eða fleiri hjartaloka. Aðgerðin verður að vera skilgreind sem lækisfræðileg nauðsyn af hjartasérfræðingi og studd með hjartaómskoðun eða niðurstöðum hjartaþræðingar.
- 5.5.2. Eftirfarandi aðgerðir falla undir framangreinda skilgreiningu:
 - a) Hjartalokuskipti eða viðgerð með fullri opnun bringubeins (full sternotomy), hálfri opnun bringubeins (partial sternotomy) eða brjóstholsskurði (thoracotomy).
 - b) Ross aðgerð.
 - c) Lagfæring hjartaloku gegnum æðaþræðingu (valvuloplasty).
 - d) Ísetning ósæðarloku með æðaþræðingartækni (transcatheter aortic valve implantation).
- 5.5.3. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Mitralokuklipping með æðaþræðingartækni (transcatheter mitral valve clipping).

5.6. Skurðaðgerð á ósæð (surgery of the aorta)

- 5.6.1. VÍS greiðir bætur vegna skurðaðgerðar til að laga þrængingu, teppu, ósæðargúlp eða flysjun (dissection) á ósæð. Innanæðar viðgerð

Hér eru upptaldir þeir hjarta-, æða- og nýrnasjúkdómar sem undir trygginguna falla og hvað er undanskilið. Við vitum að þetta er ekki auðskiljanlegt, en það er **mikilvægt að lýsingar séu fræðilegar** til að koma í veg fyrir vafamál.



(endovascular repair) eru einnig bættar. Aðgerðin verður að vera skilgreind sem læknisfræðileg nauðsyn af hjartaskurðlækni og studd með myndrannsóknum. Með ósæð er vísað til hinnar eiginlegu ósæðar í brjóst- og kviðarholi en ekki hliðargreina hennar.

- 5.6.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- Skurðaðgerð á ósæð vegna ættgengra bandvefssjúkdóma t.d. Marfan- og Ehlers-Danlos heilkennis.
 - Aðgerð í kjölfar áverka á ósæð vegna slyss.

5.7. Heilablóðfall/slag (stroke)

- 5.7.1. VÍS greiðir bætur vegna dreps í heilavef í kjölfar bráðrar blóðþurrðar eða blæðingar í heila, þ.m.t. innanskúmsblæðing (subarachnoid) eða blóðtappa af uppruna utan höfuðkúpu. Skerðing á taugastarfsemi þarf að vera til staðar í a.m.k. 3 mánuði í kjölfar greiningar, sem sýnir skyndilegt upphaf nýrra taugaeinkenna og ný hlutlæg taugafræðileg einkenni við klíniska skoðun. Greining þarf að vera staðfest af taugasérfræðingi og studd af myndrannsóknum.
- 5.7.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- Skammvinnt blóðþurrðarkast í heila (TIA) og langvinn afturkræf taugaeinkenni vegna blóðþurrðar (prolonged reversible ischaemic neurological deficit).
 - Áverkar á heilavef eða heilaeðum.
 - Skerðing á taugastarfsemi vegna almennrar blóðþurrðar, sýkingar, bólgusjúkdóma, mígrenis eða læknisfræðilegs inngrips.
 - Tilfallandi greining afbrigða í myndrannsókn án greinilegra tengdra klínískra einkenna (silent stroke).

5.8. Nýrnabilun (renal disease)

- 5.8.1. VÍS greiðir bætur vegna krónískrar og óafturkræfrar nýrnabilunar beggja nýrna, sem leiðir til að annað hvort reglubundin nýrnaskilun eða kviðskilun er nauðsynleg eða nýrnaígræðsla er gerð. Skilunin þarf að vera læknisfræðileg nauðsyn og staðfest af nýrnasérfræðingi.
- 5.8.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- Bráð afturkræf nýrnabilun sem krefst nýrnaskilunar til skemmri tíma.

5.9. Hjarta- eða nýrnaígræðsla (heart or kidney transplantation)

- 5.9.1. VÍS greiðir bætur vegna ígræðslu þar sem tryggður hefur þegið hjarta eða nýra.

III. Tauga- og hrönnunarsjúkdómar

5.10. MS (heila- og mænusigg)

- 5.10.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar MS, staðfestri af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem studd er af öllum eftirfarandi viðmiðum:
- Viðvarandi klínískri skerðingu á hreyfi- eða skynfærum, sem verður að hafa verið til staðar samfelt í a.m.k. 6 mánuði.
 - Segulómiskoðun sem sýnir a.m.k. tvær afmýlingar (demyelíniserandi) skellur í heila eða mænu sem eru lýsandi fyrir MS.
- 5.10.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
- Óstaðfest MS og taugafræðilega eða myndgreiningarlega einangruð einkenni sem benda til MS en eru ekki greinandi fyrir sjúkdóminn.
 - Einangruð sjóntaugabólga og sjóntauga- og mænubólga (neuromyelitis optica).

5.11. MND (hreyfitaugungahrönnun)

- 5.11.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar MND, þ.e. blönduð hreyfitaugungahrönnun (ALS), frumhrönnun hreyfitaugunga (PLS), ágeng visna (PMA) og mænukylfulómun (PBP). Greining sjúkdómsins verður að vera framkvæmd af sérfræðingi í taugasjúkdómum og staðfest að sjúkdómurinn hafi varað í a.m.k. 3 mánuði með verulega litlum möguleika á bata.

5.12. Alzheimers

- 5.12.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar á Alzheimer sjúkdómi fyrir 60 ára aldur ásamt öllum neðangreindum atriðum:
- Tap á vitsmunalegri getu sem felur í sér minnisskerðingu og skerta stýrivirkni (executive functioning) t.d. að tengja, virkja, skipuleggja, samþætta og stýra sem veldur verulegri hnignun á sálrænni og

Ákveðnir tauga- og hrönnunarsjúkdómar falla undir trygginguna. Athugaðu að **tiltekin greining verður þó að liggja fyrir** svo til þess komi að bætur verði greiddar úr tryggingunni.



- félagslegri færni.
 - b) Persónuleika breytingu.
 - c) Stigvaxandi skerðing á vitsmunanlegri getu.
 - d) Engin skerðing á meðvitund.
 - e) Dæmigerðar niðurstöður taugasálfræðilegra prófana eða myndgreininga, t.d. tölvusneiðmynda.
 - f) Tryggður þarfnast stöðugs eftirlits allan sólarhringinn. Greining og umönnunarþörf verður að vera staðfest af taugasérfræðingi eða öldrunarsérfræðingi.
 - 5.12.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Aðrar tegundir heilabilana af völdum heila, systemiskra sjúkdóma eða geðraskana.
 - 5.13. Parkinsonveiki**
 - 5.13.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar á frumkominni Parkinsonveiki af óþekktri orsök fyrir 60 ára aldur gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Greiningin verður að vera studd af a.m.k. tveimur af eftirfarandi klínískum einkennum:
 - a) Vöðvastífni.
 - b) Skjálfta.
 - c) Seinhreyfni þ.e. óeðlileg deyfð í hreyfingum, seinlæti í líkamlegum og geðrænum viðbrögðum.
 - 5.13.2. Jafnframt þarf sjúkdómurinn að hafa valdið viðvarandi getuleysi til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri af eftirtöldum athöfnum daglegs lífs: baða sig, klæðast/afklæðast, komast á milli herbergja, flytja sig á milli rúms og stóls, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum og borða. Staðfesta verður læknisfræðilega að þessar aðstæður hafi varað í a.m.k. 3 mánuði þrátt fyrir viðeigandi lyfjameðferð.
 - 5.13.3. Ísetning tugaörvunar rafskauta (neurostimulator) sem er ætlað með raförvun í heila að hafa stjórn á einkennum er óháð af athöfnum daglegs lífs sem skilgreind eru undir grein 5.13.2. Ísetning rafskauta verður að vera ákvörðuð læknisfræðilega nauðsynleg af sérfræðingi í taugalækningum.
 - 5.13.4. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Afleiddur parkinsonismus, þ.m.t. af völdum eiturlyfja eða eiturefna.
 - b) Lífeðlisfræðilegur skjálfti (essential tremor).
 - c) Parkinsonismus tengt öðrum taugahrönnunarsjúkdómum.
 - 5.14. Góðkynja heilaæxli (benign brain tumor)**
 - 5.14.1. VÍS greiðir bætur vegna staðfestrar greiningar góðkynja heilaæxlis sem er ekki skilgreint sem illkynja vöxtur staðsett innan höfuðkúpu og staðbundið í heila, heilahimnum eða heilaæðum (cranial nerves). Æxlið verður að vera meðhöndlað með að minnsta kosti einu af eftirfarandi:
 - a) Skurðaðgerð sem fjarlægir meinið að fullu eða að hluta.
 - b) Stereotaktískri aðgerð með útvarpsbylgjum (stereotactic radiosurgery).
 - 5.14.2. Ef engin af ofangreindum meðferðum er möguleg af læknisfræðilegum orsökum verður æxlið að hafa valdið viðvarandi skerðingu á heila- eða taugastarfsemi í a.m.k. 3 mánuði frá greiningu. Greining þessi verður að vera staðfest af taugasérfræðingi eða taugaskurðlækni og studd af myndgreiningu.
 - 5.14.3. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Allar blöðrur (cysts).
 - b) Hnúðar (granuloma).
 - c) Vansköpun á slagæðum eða bláæðum heilans.
 - d) Blóðkúlur (haematomas).
 - e) Æxli í heiladingli.
 - 5.15. Heyrnarleysi (deafness)**
 - 5.15.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausss, varanlegs og óafturkræfs heyrnarmissis á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum og studd af heyrnarmælingu þar sem mörk heyrnar eru að meðaltali yfir 90 desibel á 500, 1000 og 2000 Hz þess eyra þar sem heyrn er betri.
 - 5.16. Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (bacterial meningitis)**
 - 5.16.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar bakteríusýkingar í himnum sem umlykja heila eða mænu og leiðir til varanlegs taugaskaða sem



staðfestur er í a.m.k. 3 mánuði í kjölfar greiningar. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugalækningum og studd með vexti sjúkdómsvaldandi baktería í ræktunum frá heila- og mænuvökva.

5.17. **Blinda (profound vision loss)**

5.17.1. VÍS greiðir bætur vegna afgerandi varanlegs og óafturkræfs missi sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss sem ekki er hægt að laga með laseraðgerð, lyfjagjöf eða skurðaðgerð. Afgerandi missir sjónar er staðfestur með annað hvort sjónmælingu 3/60 eða minna (0,05 eða minna í tugabrotum) í betra auganu eftir bestu leiðréttingu, eða sjónsvið minna en 10° í þvermál í betra auganu eftir bestu leiðréttingu. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

5.18. **Alvarlegur höfuðáverki (major head trauma)**

5.18.1. VÍS greiðir bætur vegna afdráttarlausrar greiningar á alvarlegum höfuðáverkum sem velda truflun á heilastarfsemi. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum og studd með myndgreiningu á taugakerfi með annað hvort tölvusneiðmynd eða segulómum. Höfuðáverkinn verður að valda því að tryggður er varanlega ófær um að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri eftirfarandi athafnir: baða sig, klæðast/afklæðast, komast á milli herbergja, komast úr rúmi á stól eða af stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum og borða. Staðfesta verður lækisfræðilega að þessar aðstæður hafi varað í a.m.k. 3 mánuði með verulega litlum möguleika á bata.

5.18.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

a) Alvarlegur höfuðáverki sem rekja má til sjálfsskaða, áfengis- eða eiturlyfjanothunar.

5.19. **Málstol (loss of speech)**

5.19.1. VÍS greiðir bætur vegna algers og varanlegs taps á máli af völdum sjúkdóma eða slyss. Málstolið þarf að hafa verið viðvarandi samfellt í 6 mánuði. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðilækni.

5.19.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

a) Málstol sem rekja má til sálrænna kvilla.

5.20. **Lömun (Paralysis of Limbs)**

5.20.1. VÍS greiðir bætur vegna algerar og óafturkræfrar lömunar tveggja eða fleiri útlima af völdum slyss eða sjúkdóms á mænu eða heila. Útlimir eru skilgreindir sem allur fót- eða handleggur. Lömunin verður að hafa varað í meira en 3 mánuði. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi í taugalækningum og studd með klínískum greiningum.

5.20.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:

- a) Lömun vegna sjálfsskaða eða sálrænna kvilla.
- b) Guillain-Barré-heilkenni.
- c) Tímabundin eða arfgeng lömun.

IV. **Aðrir tryggingaratburðir**

5.21. **HIV / AIDS**

5.21.1. VÍS greiðir bætur vegna smits af völdum eyðniveiru (HIV) eða staðfestar greiningar á alnæmi (AIDS), sem rekja má til blóð- eða blóðhlutagjafar og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Smitið varð í kjölfar blóð- eða blóðhlutagjafar sem var lækisfræðileg nauðsyn og framkvæmd eftir að tryggingin tók gildi.
- b) Stofnunin eða blóðbankinn sem lagði til og gaf blóð eða blóðhlutana er opinberlega viðurkennd sem slík af heilbrigðisyriföldum.
- c) Heilbrigðisstofnunin þar sem blóð- eða blóðhlutagjöfin var gerð viðurkennir ábyrgð sína.
- d) HIV veiran verður að vera greinanleg í blóði 12 mánuðum frá blóð- eða blóðhlutagjöfinni.

5.21.2. VÍS greiðir bætur vegna eyðniveirusmits (HIV) / Alnæmis (AIDS) vegna atburðar við skyldustörf í heilbrigðisþjónustu, sjúkra- og slökkviliði, fangavörslu eða lögreglu og á sér stað á gildistíma tryggingar og uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a) Öll tilvik, sem hugsanlega geta leitt til bótakröfu vegna eyðniveirusmits samkvæmt gr. 5.21.2 skulu tilkynnt formlega til vinnuveitanda.
- b) Blóðsýni verður að taka innan 5 daga frá atburðinum.

Ef þú ert í vafa um hvort sjúkdómsgreining falli undir einhvern bótaflokk tryggingarinnar erum við **alltaf til staðar fyrir þig.**



- c) Leggja þarf fram annað mótefnapróf sem staðfestir að mótefni gegn eyðniveirunni (HIV), hafi komið fram innan 12 mánaða.
- 5.21.3. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) HIV smit vegna annarra smitleiða en nefnd eru í greinum 5.21.1 og 5.21.2 hér að ofan, t.d. vegna eiturflyfjanotkunar eða kynlífs.
 - b) HIV smit við blóð- eða blóðhlutagjöf vegna dreypasýki (haemophilia) eða arfgengs blóðsjúkdóms (thalassaemia).
- 5.22. **Líffæraflutningur (transplantation)**
 - 5.22.1. VÍS greiðir bætur vegna líffæraflutnings þar sem tryggður hefur þegið:
 - a) Lungu, lifur, bris, eða smágirni.
 - b) Andlit, hönd, handlegg eða fót, að hluta eða öllu leyti (composite tissue allograft transplantation).
 - 5.22.2. Ástand sem leiðir til ágræðslu eða ígræðslu verður að vera dæmt fullkomlega ólæknanlegt og staðfest sem slíkt af sérfræðilækni.
- 5.23. **Alvarlegur bruni (third-degree burns)**
 - 5.23.1. VÍS greiðir bætur vegna þriðja stigs húðbruna sem er fullþykktar bruni og nær niður í undirliggjandi vefi. Þriðja stigs bruninn þarf að þekja að minnsta kosti 20% af yfirborði líkamans skv. skilgreiningu The Rule of Nines eða Lund and Browder Chart og gerðist án vilja hins tryggða. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðingi með viðtæka reynslu í meðferð brunasára.
- 5.24. **Útlimamissir (loss of limbs)**
 - 5.24.1. VÍS greiðir bætur vegna varanlegs missis tveggja eða fleiri útlima ofan eða við úlnið eða ökkallid vegna slyss eða vegna aflimunar af læknisfræðilegum ástæðum. Greiningin verður að vera staðfest af sérfræðilækni.
 - 5.24.2. Undanskilið greiðslu úr tryggingunni:
 - a) Útlimamissir af völdum sjálfsáverka.

6. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 6.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna:
 - 6.1.1. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem rekja má beint eða óbeint til ástands barns, stjúp- eða fósturbarns fyrir gildistöku tryggingarinnar sem tryggður vissi eða mátti vita um. Með sama hætti greiðast ekki bætur vegna sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem sannanlega má rekja til ástands barns fyrir þann tíma er trygging tekur gildi þ.e. við þriggja mánaða aldur sbr. c. lið 1. mgr. 86. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, enda aflar félagið ekki upplýsinga um heilsufar barnsins.
 - 6.1.2. Krabbameins, MS, heyrnarmissis, og heilahimnubólgu, sem greinist á fyrstu 3 mánuðum eftir gildistöku tryggingarinnar.
 - 6.1.3. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar ef tryggður lifir ekki a.m.k. í 30 daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar tryggingaratburður átti sér stað. Sama gildir um tryggð börn, stjúp- og fósturbörn.
 - 6.1.4. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem beint eða óbeint er af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjalda, innrásar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
 - 6.1.5. Sjúkdóms, aðgerðar eða annars tryggingaratburðar sem beint eða óbeint er af völdum jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.
 - 6.1.6. Sjúkdóms, nema greining hafi verið samþykkt af sérfræðingi á Íslandi í viðkomandi sérgrein.
 - 6.1.7. Tryggingaratburður ef hann er afleiðing af tilraun til sjálfsvígs sem á sér stað innan árs frá því að tryggingin öðlaðist gildi.

7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Fjárhæð tryggingar kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 7.2 Fjárhæð tryggingar barns er 50% af þeirri fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hámark bóta vegna hvers barns er kr. 12.350.000¹, jafnvel þó að í gildi séu hjá VÍS fleiri en ein trygging sem barnið gæti átt bótarétt úr.
- 7.3 Greiðslur bóta úr tryggingunni vegna barna, stjúp- og fósturbarna hafa ekki áhrif á

Athugaðu að ekki eru greiddara bætur vegna **ástands áður en trygging tekur gildi** og að **tímafrestir** og **utanaðkomandi atburðir** geta í ákveðnum tilvikum takmarkað bótaskyldu.

Tryggingarfjárhæð segir til um hámark þeirra bóta sem greiðast greinist þú með sjúkdóm sem tryggingin nær yfir.

Þessa fjárhæð velur þú sjálfur en að sjálfsögðu aðstoðum við þig við að finna þá fjárhæð sem þér hentar.

¹ Miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2015, 430,0 stig.



fjárhæð tryggingar annarra tryggðra.

- 7.4 Fjárhæð tryggingar hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Lækki vísitalan hefur það ekki áhrif til lækkunar á tryggingarfjárhæð.

8. Réttur til lækkunar á tryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar

- 8.1 Ef verð fyrir trygginguna er ekki hærra en grunnverð skv. gjaldskrá VÍS getur tryggður sótt um lækkun á fjárhæð tryggingar án þess að veita frekari upplýsinga um heilsufar sitt innan 3 mánaða frá því hann eignast barn eða ættleiðir barn yngra en 18 ára á gildistíma tryggingar. Þessi réttur fellur niður við 45 ára aldur hins tryggða. Hámarkshækkun er 25% af fjárhæð tryggingar, en þó að hámarki kr. 4.659.000², fyrir hvert barn og aðeins er hægt að nýta þennan rétt fyrir fjögur börn.
- 8.2 Við lækkun fjárhæðar tryggingar hækkar verð fyrir trygginguna samkvæmt gjaldaskrá VÍS og tekur gildi á næsta gjalddaga.
- 8.3 Ekki er hægt að nýta þennan rétt þegar tilkall hefur verið gert til bóta eða tryggður hefur greinst með einhverjum þeirra sjúkdóma eða gengist undir einhverja þeirra aðgerða sem skilgreindar eru í 5. gr.

Kynntu þér rétt þinn til lækkunar á tryggingarfjárhæð eignist þú barn.

9. Verð

- 9.1 Verð tryggingarinnar byggir á áhættumati VÍS sem tekur m.a. mið af aldri og því hvort tryggður reykir eða leggur stund á tómstundir sem hafa sérstaka áhættu í för með sér.
- 9.2 Verð tryggingar breytist við endurnýjun í hlutfalli við breytingu á fjárhæð tryggingar samkvæmt vísitölu neysluverðs. Hækkni fjárhæð tryggingar um meira en 35% innan hvers árs vegna lækkunar vísitölu neysluverðs, áskilur VÍS sér rétt til að hækka verð fyrir trygginguna umfram það mark.
- 9.3 VÍS áskilur sér rétt til að breyta verði við endurnýjun tryggingar með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum.

10. Greiðslufrelsi

- 10.1 Hafi tryggður misst starfsorku sína eða hún skerst um a.m.k. helming öðlast hann rétt til greiðslufrelsis þann tíma sem missir starfsorku varir umfram sex mánuði, þó ekki lengur en til 65 ára aldurs og ekki vegna tryggingaratburða sem eru bótaskyldir samkvæmt 5. gr. skilmálans. Greiðslufrelsi tryggingar er ekki veitt til lengri tíma en eins árs aftur í tímann frá því að beiðni um greiðslufrelsi barst VÍS.
- 10.2 Alger missir starfsorku veitir rétt til fulls greiðslufrelsis tryggingar og skerðing starfsorku um 50% eða meira til hlutfallslegrar lækkunar greiðslu fyrir tryggingu. Tryggður öðlast þó ekki rétt til greiðslufrelsis ef starfsorkan hefur skerst vegna misnotkunar áfengra drykkja eða ávana- og fíkniefna.
- 10.3 Skila þarf inn beiðni um greiðslufrelsi. Henni þarf að fylgja staðfesting frá Tryggingastofnun ríkisins á missi starfsorku, VÍS að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á missi starfsorku ber að leggja hæfni hins tryggða til að gegna fyrra starfi sínu og möguleika til annarra starfa.
- 10.4 Tryggður skal tilkynna VÍS um leið og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu. VÍS getur ávallt krafist upplýsinga um heilsufar hans meðan hann nýtur greiðslufrelsis svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.

Kynntu þér rétt þinn til að sleppa tímabundið við að greiða af tryggingunni ef þú missir starfsorku.

11. Sálfræðiaðstoð

- 11.1 Tryggður á rétt á sálfræðiaðstoð við bótaskyld tón. VÍS greiðir kostnað við allt að tvo viðtalstíma hjá sálfræðingi á Íslandi. VÍS greiðir aðeins viðtalskostnað en annar kostnaður svo sem ferðakostnaður er ekki greiddur. Nauðsynlegt er að fá samþykki VÍS áður en aðstoðar er leitað. Meðferð skal vera lokið innan 6 mánaða frá tryggingaratburði.

Það er mikilvægt að gæta að andlegu hliðinni þegar eitthvað bjátar á. Þess vegna auðveldum við þér að fá sálfræðiaðstoð.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

² Miðað við vísitölu neysluverðs í júlí 2015, 430,0 stig.